

**Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallegt
í það minnsta kerti og spil.**

**Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.**

(Jóhannes úr Kötlum)



Orðaskýringar:

íslenska	enska	móðurmál mitt
bráðum		
blessuð		
hlakka til		
í það minnsta		
vandi		
slíkt		
spá		
víst		
ákaflega		

Teiknaðu þrjú jólatré. Það fyrsta er minnst og það síðasta er stærst.
Á minnsta trénu eru jólakúlur. Á trénu í miðjunni eru jólaljós. Á stærsta trénu er
stór stjarna í toppnum (efst).

